

## REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð nr. 507/2020 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 9. tl., svohljóðandi:

9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/286 frá 16. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/286 er birt á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 6/2024.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fæði, áburði og sáðvöru og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 24. janúar 2024.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Emilia Madeleine Heenen.*

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2024